

Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 42/1999
frá 26. mars 1999

um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á
vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var
aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er
nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XVIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-
nefndarinnar nr. 104/98 frá 30. október 1998⁽¹⁾.

Tilskipun ráðsins 96/34/EB frá 3. júní 1996 um rammasamninginn um foreldraorlof
sem UNICE, CEEP og ETUC hafa gert⁽²⁾ og tilskipun ráðsins 97/75/EB frá 15.
desember 1997 um breytingu og rýmkun á tilskipun 96/34/EB um rammasamninginn
um foreldraorlof sem UNICE, CEEP og ETUC hafa gert svo að hún taki til Hins
sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands⁽³⁾ skulu felldar inn í
samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 197, 29.7.1999, bls. 56 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 33, 29.7.1999, bls. 27.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 145, 19.6.1996, bls. 4.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 10, 16.1.1998, bls. 24.

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við 31. lið (tilskipun ráðsins 97/81/EB) í XVIII. viðauka við samninginn:

„32. **396 L 0034**: Tilskipun ráðsins 96/34/EB frá 3. júní 1996 um rammisamninginn um foreldraorlof sem UNICE, CEEP og ETUC hafa gert (Stjtið. EB L 145, 19.6.1996, bls. 4), eins og henni var breytt með:

- **397 L 0075**: Tilskipun ráðsins 97/75/EB frá 15. desember 1997 (Stjtið. EB L 10, 16.1.1998, bls. 24).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

hvað varðar EFTA-ríkin lesist „framkvæmdastjórn“ sem „eftirlitsstofnun EFTA“ og „dómstóll“ sem „EFTA-dómstóll“ í aðstæðum sem um getur í 6. lið 4. ákvæði í viðaukanum við tilskipunina.“

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipana ráðsins 96/34/EB og 97/75/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 27. mars 1999, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 26. mars 1999.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

F. Barbaso

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vík

E. Gerner